



HAFNARFJÖRÐUR

# Reglur um styrki vegna hljóðvistar

Uppreiknuð upphæð styrks í mars 2018

Útfyllist ekki af umsækjanda

Nr. umsóknar	Komudagur
Afgreiðsla	Kvittun fyrir móttöku

## Reglur um styrki vegna hljóðvistar

1. gr. Reglur þessar taka til styrkja vegna úrbóta á hljóðeinangrun glugga í íbúðarhúsnæði við umferðargötur.
2. gr. Styrkir þessir eru hluti af heildaraðgerðum vegna hljóðvistarmála. Þar sem fyrirhugað er að gera almennar ráðstafanir til hljóðvarna, svo sem manir og hljóðveggi skal tekið tillit til þess við mat á styrkhæfni. Sama gildir ef aðrar fyrirhugaðar breytingar á umhverfi eða legu gatna breytir hljóðvistaradstæðum. Við úthlutun styrkja hafa þeir forgang sem búa við verstar aðstæður.
3. gr. Umhverfis og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar lætur reikna hljóðstig. Miðað er við jafngildishljóðstig utan við vegg, eða glugga í íbúð.
4. gr. Hafnarfjarðarbær auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til hljóðeinangrandi aðgerða og skal sækja um á heimasíðu Hafnarfjarðar innan tiltekins frests. Styrkir takmarkast af fjárveitingum bæjarstjórnar hverju sinni.
5. gr. Styrkir verða veittir til endurbóta á hljóðeinangrun glugga. Styrkir verða ákveðin upphæð á m<sup>2</sup> í glugga á þeim hliðum húss þar sem hljóðstig reiknast 65 dB(A) eða hærra. Meðfylgjandi tafla sýnir styrkuppþæð á m<sup>2</sup> glugga, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 2018 ( grunnur frá 2010 ), 136,9 stig. Fjárhæð styrks verðbætist miðað við byggingarvísitölu á greiðsludegi.

Hljóðstig dB(A)	Styrkur kr./m <sup>2</sup> glers í mars 2018
65	76.000
66	79.000
67	86.000
68	94.000
69	113.000
70	132.000
71	151.000
72	170.000
>72	189.000

Umsækjendur skulu í umsókn sinni greina frá fyrirhuguðum aðgerðum og metur Umhverfis og skipulagsþjónusta hvort þær eru fullnægjandi en það er forsenda styrkveitingar.

6. gr. Sé framkvæmdum ekki lokið, þegar styrkur skal koma til útborgunar, er heimilt að greiða allt að 30% hans á meðan framkvæmdir standa yfir en það sem á vantar þegar framkvæmdum er að fullu lokið og úttekt hefur farið fram án þess að athugasemdir séu gerðar.



7. gr. Telji úttektarmaður aðgerðir ófullnægjandi og eigandi húss kýs að bæta ekki úr, má lækka styrkinn um allt að 30%. Teljist aðgerðir hins vegar ótækar, eða ef brotin eru ákvæði byggingareglugerðar fellur styrkur niður. Það telst ófullnægjandi ef meðalhljóðstig innanhúss að mati matsmanna Umhverfis og skipulagsþjónustu er hærra en 30 dB(A) að loknum aðgerðum en ótækt ef það er hærra en 35 dB(A) að loknum aðgerðum m.v. lokaða glugga.
8. gr. Ágreiningsmálum varðandi styrkveitingar samkvæmt þessum reglum getur íbúðareigandi skotið til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 30. maí 2000. Uppfærðar í mars 2018.